



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4
101 Reykjavík

Dagsetning 1.10.2025
Málsnúmer URN25090010

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 26. ágúst sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu um hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum barnaþings árin 2019, 2022 og 2023. Eins og fram kemur í erindinu er markmið barnaþings að gefa stjórnvöldum tækifæri til þess að fylgja hugmyndum barna eftir og koma tillögum þeirra í framkvæmd.

Í útgefnum skýrslum um barnaþing árin 2019, 2022 og 2023 kemur skýrt fram að umhverfismál eru ofarlega í huga barnaþingmanna og þá sérstaklega málefni úrgangs og endurvinnslu, matarsóunar og plastnotkunar. Stjórnvöld hafa sett þá málaflokka á oddinn eins og eftirfarandi dæmi sýna.

Úr viðjum plastsins, aðgerðaáætlun í plastmálefnum, var gefin út í september 2020. Hún inniheldur 18 aðgerðir sem miða að því að draga úr notkun plasts, auka endurvinnslu plasts og taka á plasti í hafi. Til að mynda hefur verið frá upphafi árs 2021 verið óheimilt að afhenda burðarpoka úr plasti við afgreiðslukassa í verslunum. Jafnframt hefur verið gripið til aðgerða til að sporna við losun plasts í hafið og blásið til átaks til að hreinsa strendur landsins af plasti og öðru rusli. Enn er unnið að þessum aðgerðum og eftirfylgni með áætluninni.

Minni matarsóun, aðgerðaáætlun gegn matarsóun, var gefin út í september 2021. Hún inniheldur 24 aðgerðir sem snúa að allri virðiskeðju matvæla, frá frumframleiðslu til neytenda, og miðuðu að því að ná þeim árangri að minnka matarsóun í allri virðiskeðjunni um 30% fyrir yfirstandandi ár og um helming fyrir árið 2030. Aðgerðunum er skipt í fjóra hluta eftir eðli þeirra: 1) Atvinnulífið og aukið samstarf, 2) rannsóknir og nýsköpun, 3) menntun og fræðsla og 4) hagrænir hvatar og regluverk.

Heildarstefna stjórnvalda í úrgangsmálum leit jafnframt dagsins ljós árið 2021, undir yfirskriftinni *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Meginmarkmið stefnunnar miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu, draga úr urðun og að úrgangur skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu, auk þess að draga úr myndun úrgangs. Meðal aðgerða sem grundvallast á stefnunni og komið hafa til framkvæmdar eru skylda til flokkunar hvort tveggja heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs og skylda til sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs innan lóðar við heimili og fyrirtæki, auk þess sem samræmdum merkingum fyrir úrgangsflokka var komið á til að auðvelda flokkun. Jafnframt var framlengdri framleiðendaábyrgð á ýmsar einnota plastvörur komið á sem hefur m.a. leitt til þess að sveitarfélög fá greiðslur úr Úrvinnslusjóði til að standa straum af kostnaði við hreinsun rusls á víðavangi, sem þau fengu ekki áður. Á árunum 2023 og 2024 greiddi sjóðurinn samtals næstum 100 m.kr. til sveitarfélaga vegna þessarar hreinsunar.

Fræðsla og upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja eru enn fremur ávallt hluti þeirra verkfæra sem stjórnvöld beita í málaflokknum. Til að mynda hefur Umhverfis- og

orkustofnun (áður Umhverfisstofnun) rekið öflugt fræðslustarf undir merkjum *Saman gegn sóun og Grænn lífsstíll*. Ekki má gleyma því fræðslustarfi sem stofnunin sinnir á vegum norræna umhverfismerkisins Svansins, en meginmarkmið með Svansvottun er að draga úr umhverfisáhrifum af vörum og þjónustu og auðvelda neytendum að velja umhverfisvænni kosti.

Að lokum vill ráðuneytið nefna verkefnið *Skólar á grænni grein* (grænfánaverkefnið), en um er að ræða alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni, það stærsta sinnar tegundar í heimi, sem rekið er af Landvernd á Íslandi með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins. Skólar af öllum skólastigum taka þátt í því verkefni og vinna að sjálfbærnimenntun með því m.a. að auka umhverfisvitund, bæta umhverfi skólans með minnkun úrgangs, minni vatns- og orkunotkun og eflingu samfélagskenndar. Gildandi samningur kveður á um als 224. m.kr. fjárstuðning hins opinbera við verkefnið á árunum 2022-2026.

Fyrir hönd ráðherra,

Stefán Guðmundsson

Sigríður Svana Helgadóttir